



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps



12. árgangur 6.tbl.

Júní 2015



Hátíðarhöld í Brautarholti 17. júní. Dagskrá:

Kl. 14:00: Skrúðganga og sprell á íþróttavellinum.
Flugdrekakeppni, m.a. Keppt um þann flottasta
og þann sem helst lengst á lofti!

Hefðbundinn koddaslagur í Skeiðalaug.

Kl. 15:30 Hugvekja. sr. Óskar H. Óskarsson
Ávarp Fjallkonu
Hátíðarræða

Kl. 16:15 Hátíðarkaffi í boði sveitarfélagsins

Þeir sem taka þátt í koddaslagnum í Skeiðalaug er bent á að
koma með aukaföt. ☺



Nefndin



Á þjóðhátíðardaginn verður öllum kirkjuklukkum landsins
hringt kl.10:00—10:05 að ósk Biskups Íslands.



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. ágúst. 2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.



Opið 25. júní kl. 20-22 sem er síðasta opnun fyrir sumar-
frí. Opnum svo aftur 20. ágúst. Um að gera að taka
nokkrar góðar fyrir sumarið. **Alltaf hægt að skila um
lúguna!**

S: 486-5505 - www.bokasafn.is
Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>



Nýtt símanúmer á

Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Apótekið í Laugarási opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

S. 486-8655

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Leikskólakennari óskast til starfa í afleysingar

Leikskólakennari óskast til starfa í afleysingar við Leikskólann Leikholti, í tímabundið starf, frá og með 27. júlí til 15. nóvember með möguleika á framtíðarráðningu. Starfshlutfall 60 -100 %. Hæfniskröfur eru að vera með leyfisbréf leikskólakennara og reynslu af kennslu á leikskólastigi. Nánari upplýsingar gefur Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri í síma 486-5586, netfang leikskoli@skeidgnup.is Umsóknarfestur er til 20 júní nk.



Brokk og Skokk verður haldið í þriðja sinn

Sunnudaginn 21. júní kl.14:00 í Skaftholtsréttum!

Endilega takið daginn frá!

Fleiri upplýsingar, myndir og myndbönd á Facebooksíðu Brokk og Skokk

<https://www.facebook.com/groups/567062360068945/?fref=ts>



Nefndin.

SKINN OG SKART.

Í júní leggjum við áherslu á vasapela fyrir ferðalagið.

Ýmsar gjafir fyrir öll tækifæri.

Hafið samband í síma 4866047 eða 8986047

Katrín Ásaskóla.



Opnunartími gámasvæða í sumar!

Árnes: þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00
Föstudaga kl. 10:30 - 12:00 **Nýtt**
laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt: miðvikud. kl. 14:00 - 16:00
Föstudaga kl. 13:00 - 14:30 **Nýtt**
laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámurinn er nú á nýja gámasvæðinu í Árnesi v/Suðurbraut. Dýragámur í Brautarholti. Opið allan sólarhringinn á báðum stöðum! Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Að gefnu tilefni er bent á að lestun á úrgangi heima fyrir er aðeins ábótavant, vegna móttökunnar. Fólk er beðið um að gefa sér aðeins tíma heima til þess að flokka betur og ganga vel frá ruslinu áður en lagt er af stað á gámasvæðið. Þá mun losunin ganga betur fyrir sig.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa!

Hægt er að koma frá sér, að degi til, garðaúrgangi og afklippum trjáa á ákveðnu svæði í Skaftholti hér í sveit alla daga vikunnar.

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Íslenska gámafélagið tekur við notuðum áburðarpokum sem má troða í tóma (áburðarpoka) og skila með grænu tunnunni, nýtum okkur það. ☺

Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 19. júní n.k.

Frá Veiðifélagi Þjórsár.

Á síðasta aðalfundi Veiðifélags Þjórsár sem haldinn var á Laugalandi í Holtum 9. apríl sl. var samþykkt eftirfarandi tillaga.

" Hefja má netaveiði í Þjórsá þriðjudaginn 9. júní og skal henni ljúka eigi síðar en miðvikudaginn 30. september 2015. Ekki má veiða í net vikuna 11. til 18. ágúst. Leggja má kl. 10.00 á þriðjudagsmorgni til kl. 22.00 á föstudagskvöldi". Það eru vinsamleg tilmæli frá Veiðimálastofnun að taka vel eftir öllum merktum laxi sem veiðist og skila trjónunni til Veiðimálastofnunar á Selfossi. **Þekkja má merktan lax á því að búið er að klippa af honum veiðiuggann, en fremst í trjónu laxins er lítið örmerki sem ekki sést.** Best er að skera trjónuna af við augu laxins og frysta hana og skila að veiðitíma loknum þetta á að sjálfsögðu við um bæði netaveiddan lax sem og stangaveiddan. Þess má geta að greiddar eru **KR. 5.000,-** fyrir hverja skilaða trjónu.

Svo vona ég að veiðin verði góð í sumar bæði í net og stangveiði og allir skili skýrslum til Veiðimálastofnunar að veiðitíma loknum.



Fh. Veiðifélags Þjórsár
Oddur Guðni Bjarnason
Stöðulfelli

Við höfum opnað í Árnesi

Bjóðum upp á heimalagað bakkelsi með kaffinu, áfenga drykki og ljúffengan íslenskan mat fyrir gesti og gangandi. Rósa, Rosemarie og Sigrún taka vel á móti gestum.

Tjaldsvæðið hefur stækkað, og nýtt og betra hreinlætis og salernishús er komið á svæðið. Frábær aðstaða fyrir smáa sem stóra hópa í útilegu.

Í Þjórsárstofu hafa myndir og upplýsingar verið uppfærðar og er sýningin áhugaverð fyrir bæði gesti og heimamenn. Auk hinnar rómuðu kvikmyndasýningar um Þjórsá er nú boðið upp 6 mín. gullfallega mynd um norðurljósin. Aðgangur er ókeypis. Í Þjórsárstofu koma ferðamenn í upplýsingaleit og njóta ráðgjafar Lofts, Irmu og Gunnars.

Verið hjartanlega velkomin í Árnes



Ágætu sveitungar!

Laugardaginn **20. júní** opnar lífræni grænmetismarkaðurinn í Skafttholti.



**Opið verður alla laugardaga
frá kl. 14 til 17.**

Heimilisfólkið Skafttholti.

Meistaramót Íslands í frjálsum 11-14 ára á Selfossvelli dagana 27.-28. júní 2015



Meistaramót Íslands 11-14 ára verður haldið á Selfossvelli dagana 27.-28. júní 2015. Frjálsíþróttaráð HSK mun sjá um framkvæmd mótsins og nú þegar hefur tekið til starfa sérstök Meistaramótsnefnd sem sér um skipulagningu í aðdraganda mótsins. Auk þess að sjá um frjálsíþróttakeppnina mun ráðið selja gistingu með morgunmat í Vallaskóla á meðan á mótinu stendur og boðið verður upp á kvöldverð og kvöldvöku á laugardagskvöldinu, allt á hóflegu verði. Allt þetta krefst þess að margir sjálfboðaliðar séu fúsir til þess að gefa vinnu sína á meðan á mótinu stendur. Ákveðið hefur verið að líkt og á unglingalandsmótinu og landsmótinu muni 80% þess hagnaðar sem verður af mótinu renna til félaganna sem útvega sjálfboðaliða. Hluti hvers félags mun reiknast eftir unnum klukkustundum í nafni félagsins. Þau 20% sem eftir standa af hagnaði mótsins munu svo renna til frjálsíþróttaráðs. Það er því til mikils að vinna fyrir félögin og um að gera að nýta mótið til fjáröflunar.

Við óskum eftir fólki til að vinna við þetta mót fyrir hönd UMFG, hver einstaklingur þarf ekki að vinna alla helgina heldur er hægt að skrá sig á annan hvorn daginn eða jafnvel dagspart. Það eru ýmis störf í boði, hvort sem er við íþróttakeppnina eða í tengslum við matinn og gistingu. Vinsamlegast hafið samband við Helgu Kolbeinsdóttur í Tröð helga@uppsveitir.is - 893-9565 sem fyrst ef áhugi er að leggja þessu lið og fá frekari upplýsingar um vinnutilhögun.

Fyrir hönd stjórnar.

Helga Kolbeinsdóttir.

Trjáplöntur til UMFG félaga



Eins og undanfarandi ár hef ég fengið skógarplöntur til úthlutunar til félaga UMFG frá Skógræktarfélagi Árnesinga.

Æskilegt er að þeir sem hafa áhuga á að fá úthlutað hafi sem fyrst samband við undirritaðan því reglan er sú, að fyrstur kemur fyrstur fær. Oddur Guðni Bjarnason, Stöðulfelli, Sími 865-4449

Skólavistun — íþróttir, veturinn 2015-2016



Einstaklingur óskast til þess að halda utan um tómstundastarf /íþróttir nemenda frá 1. 4. bekk Þjórskóla einn dag í viku næsta vetur. Starfið fer fram á mánudögum frá kl. 12 —14:30. Upplýsingar gefur sveitarstjóri á skrifstofutíma og umsóknarfrestur er til 6. júlí n.k.

Sumarlokun skrifstofu!



Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa **frá og með 6. júlí til og með 3. ágúst. n.k.**

Áhaldahúsið er opið allt sumarið og síminn þar er 893-4426

Pantanir í fjallaskálana Klett og Hallarmúla tekur Ari B. Thorarensen í síma 898- 9130 netfang: arith@simnet.is

Pantanir í Gljúfurleit, Bjarnalækjarbotna og Tjarnarver tekur Áhaldahúsið þetta árið í síma 893-4426 joi@skeidgnup.is

Félagsheimilið Árnes og tjaldsvæðið í Árnesi rekur Rósa Kristín s:664-6555 rosa@arnesferdamenn.is

Bókanir fyrir Félagsheimilið Brautarholt taka þau Ágúst og Jóhanna 898-9172, 692-0877 eða joagusti@uppsveitir.is

Netfang skrifstofu: skeidgnup@skeidgnup.is

www.skeidnup.is

Sveitarstjóri.

Helgistund í Steinsholtskirkjugarði

Sunnudaginn 21. júní kl. 10:30 verður

helgistund í Steinsholtskirkjugarði. Samveran er liður í dagskrá Landnámshelgarinnar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Kirkjukórinn leiðir sálmasöng og sr. Óskar flytur ritningarorð, hugvekju og bæn. Kaffi á eftir.

Ljúf samvera út í Guðs grænni náttúrunni.

Allir velkomnir.

16. ágúst: Hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14:00.


Pá ætlum við ríðandi til kirkju. Sóknarnefnd býður upp á hressingu eftir messu. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um starfið
í Prestakallinu er að finna á
heimasíðunni:
www.hruni.is**

Sími og netfang
sóknarprests
856-1572 oskar@hruni.is

IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Búnaðarfélag Gnúpverja fyrirhugar byggingu iðnaðarhúsnæðis á athafnasvæði sveitarfélagsins við Suðurbraut í Árneshverfi. Um er að ræða stálgrindarhús á steiptum sökklum klætt með samlokueiningum. Hvert sperrubil í húsinu er um 80 m² að gólfleti og vegghæð er ríflega 4m.



Áhugasömum er boðið til kaups eitt eða fleiri bil í húsnæðinu. Nánari upplýsingar veita Arnór arnorhans@gmail.com s. 891 7389 eða Sigurður susq@hi.is s. 899 9689.



Kvinnahlaup 2015

„Konur eru konum bestar“

Hið árlega Kvinnahlaup ÍSÍ fer fram **13. júní nk.**
að Árnesi kl 13.30 eh.

Hægt er að láta skrá sig á staðnum frá kl. **11.30**

Boðið er uppá 3 vegalengdir, **2 km, 3 km, og 4,5 km.** Þú ræður hraðanum sjálf, þú ferð á þeim hraða sem þér hentar best, gengur, skokkar eða hleypur.

Hægt er að skrá sig hjá Dúddu í sínum 861-0015 og 486-6025,

það eru allar konur velkomnar, það er ekkert aldurstakmark!

Hressing er að hlaupi loknu. **Frítt í sund fyrir þátttakendur**

Ég vil minna konur á að til að tryggja sér bol er best að láta skrá sig fyrirfram.

Hittumst hressar og kátar
Dúdda.

Frá göngunefnd Kvenfélags Gnúpverja!

Göngutúr er fyrirhugaður frá Laxárdal að Steinsholti þann **4. júlí kl.**

10:00. Fólki er bent á að hafa samband við Sig-

rúnu Bj. **486-6079** og Dísu Bj. **486-6031** svo

hægt verði að raða í bíla á milli staða.

Við spáum alltaf góðu veðri en auðvitað klæðir maður sig eftir spánni í svona ferðalag.

Allir velkomnir!



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: **856 1580** • Netfang: **vondull@simnet.is**

Afmæli

Það finnst einn kall hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi nokkuð við aldur sem ætlar að eiga stórafmæli þann **6. ágúst næstkomandi**. Hann mun taka á móti velunnurum í Árnesi að kveldi þess dags.



Kvenfélag Gnúpverja auglýsir kompudag,

laugardaginn 20 júní, frá 12- 17, í Þjórsárskóla gengið inn að vestanverðu. Á boðstólum verður alls konar varningur á vægu verði, til fjáröflunar fyrir kvenfélagið. Vöflur og kaffi selt á staðnum. Komum og gerum góð kaup og gerum daginn skemmtilegan. Stjórnin.



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús

Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt



Á harðindavori

Það þarf ekki að hafa mörg orð um að flestir hefðu líklega kosið að veðráttan á þeim tíma sem af er árinu hefði verið mildari. Við ráðum ekki ferðinni í þeim efnum. Engin ástæða er til annars en trúa því að seinni hluti ársins verði hagfelldari.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins á síðasta ári var jákvæð um 5,4 milljónir króna. Í mörgum málaflokkum urðu útgjöld meiri en búist var við. Sveitarfélagið greiddi 178,5 milljónir í laun á síðasta ári og er það um 11,4 milljóna hækkun frá árinu á undan. Kostnaður við fræðslumál, menningarmál og æskulýðs – og íþróttamál jókst nokkuð. Kostnaður vegna félagsþjónustu jókst mikið og kom þar til stór reikningur sem náði yfir nokkur ár. Auk þess varð sameiginlegur kostnaður meiri en ætlað var. Þjónustustigið í sveitarfélaginu er hátt og hefur farið hækkandi á undanförnum misserum, vissulega kostar það sitt. Mikil áhersla hefur verið lögð á viðhald eigna og er það dýrt. Ef horft er nokkur misseri til baka var mikil viðhaldsþörf uppsöfnuð og hefur viðhaldsmálum nú verið gerð nokkuð góð skil þó viðhald eigna taki aldrei enda. Einnig má nefna að kröfur eftirlistaðila hafa vaxið og það kostar fé að mæta þeim það hefur verið lagður metnaður í að búa grunnskólann vel tæknilega. Hann er nú í hópi þeirra grunnskóla sem eru hvað best útbúnir. Um þessar mundir er verið að yfirfara fjárhagsáætlun þessa árs og meta hvar hægt sé að ná fram hagræðingu. Þess má vænta að það komi til einhverra breytinga í framhaldi af þeirri rýni. Ef horft er til áætlunar um framkvæmdir í sveitarfélaginu þá var lagt upp með að fara í umfangsmiklar gatnagerðarframkvæmdir

í sveitarfélaginu, það kann að vera að þær verði unnar á lengri tíma en ætlað var. En ekki hefur verið tekin ákvörðun um það.


Ég legg áherslu á að vilji sveitarstjórnar til að þjónustan verði áfram með því sem best gerist í sveitarfélögum landsins er ótvíræður. Ég minni á að rekstur sveitarfélagsins árið 2013 gekk vel þá var rekstrarafgangur vel umfram það sem gert var ráð fyrir og ef litið er lengra aftur í tímann má sjá að það skiptast stundum á skin og skúrir í rekstri sem þessum. Eignastaða sveitarfélagsins er eftir sem áður mjög sterk. Eigið fé nemur 543, 6 milljónum. Skuldahlutfall er aðeins 23 % það er að segja skuldir / rekstrartekjum. Tækifærin í þessu sveitarfélagi eru mikil og við búum að sterkum innviðum.

Ég vil að lokum minna á byggðahátíðina „Landnámshelgi“ sem haldin verður 19.-21. júní nk. og hrósa ég Menningar- og æskulýðsnefnd fyrir metnaðarfullan undirbúning. Ég hvet ykkur til að láta ekki þennan viðburð fram hjá ykkur fara.

Ég vona að þið hafið það sem allra best í sumar.

Góðar stundir .

Kristófer Tómasson, sveitarstjóri.



Þjónusta vegan ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalda Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.

Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com -Jón

Mikilvægi góðrar flokkunar á hráefni.

Dregið hefur úr flokkun á sorpi í sveitarfélaginu síðustu misseri. Þetta veldur auknum kostnaði sveitarfélagsins vegna aukinnar urðunar. Allt sem fer í gráu tunnuna er urðað. Plast, pappír og málmar eiga heima í grænu tunnunni og fer áfram í endurvinnslu. **Sorp er hráefni.** Aðdáunarvert var hve fólk stóð sig vel í flokkun þegar þetta flokkunarkerfi var tekið upp og enn er víða vel að verki staðið en betur má ef duga skal.

Sveitungar eru nú á vordögum hvattir til að hreinsa til í kringum híbýli sín og útihús og sérstaklega er þörf á að hirða plast af víðavangi og af girðingum eftir tíða storma vetrarins.

Hrein og falleg ásýnd sveitarinnar er mikilvæg bæði fyrir íbúa og gesti. Snyrtimennska er þáttur í vellíðan íbúa og ímynd sveitarfélagsins.

Umhverfisverðlaun Skeiða- og Gnúpverjahrepps verða afhent um landnámshelgina 20.-21. júní.

Umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Æfingar á vegum UMF Gnúpverja sumarið 2015 á íþróttavellinum í Árnesi.



Frjálsar:

Bryndís Eva Óskarsdóttir þjálfar. Fimmtudaginn 11. júní Æfing kl. 15.00 - 16.00

Sunnudaginn 14. júní er Aldursflokkamót HSK 11-14 ára og Héraðsleikar 10 ára og yngri í Þorlákshöfn og þangað stefnum við og hvetjum við alla að koma og taka þátt.

Mánudagur 15. júní Æfing kl. 15.00 - 16.00

Mánudagur 22. júní og framvegis á mánudögum í sumar kl. 14.30 - 15.30

Fótbolti

Þorsteinn Hauksson mun þjálfa fótbolta í sumar og verða æfingar sem hér segir:

(æfingatími gæti þó breyst, fer allt eftir aðsókn og hvernig raðast í hóp)

10 ára og yngri: miðvikudögum kl. 15.30-16.30

11 ára og eldri: miðvikudaga kl. 16.30-17.30

Öll börn velkomin!

Ef einhverjar spurningar vakna má hafa samband við Helgu Kolbeinsdóttur

S: **893-9565.**

Einnig má hafa samband við þjálfarana. Bryndís Eva S: **846-7188** og

Þorsteinn S: **866-5825**

Stjórnin.

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2015

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími: 848-1619

Gjaldskrá 2015 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Staurabor	1.000,- pr. klst.
Haugsuga 11,5 T	14.000 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T (Ný fyrir sumarið)	16.000 kr pr. dag
Skádæla	9.000 kr pr. dag
Brunndæla	9.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	8.000 kr pr. dag
Pinnatætari	3.500 kr/klst,
Hnífatætari	3.500 kr/klst,
Flaghefill	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél (Ný í fyrra)	100 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	7.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	5.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 6.500 kr/dag
Fjölnotakerra (Ný 2013) (tveimur fetum lengri en sú gamla)	6.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.500 kr/dag

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **15.000 kr.** Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað er gott að senda Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum.

Gsm. 848-1619
Sumarkveðja.
Búnaðarfélag Gnúpverja





Þjórsárskóli Sundkeppnin

Skeiða- og Grúpvjerjahreppi

Þriðjudaginn 19.

maí fór fram hin árlega sundkeppni nemenda í 5.-7. bekk skólans. Nemendur lögðu hart að sér og stóðu sig með þryði. Keppt var í bringusundi og skriðsundi og veitt voru verðlaun fyrir besta samlagða tímann. **Úrslit voru:**

Stúlkur: Gull: Valgerður 7. bekk

Silfur: Edda Guðrún 7. bekk

Brons: Anna Birta 7. bekk



Drengir

Gull: Kolbeinn 7. bekk

Silfur: Ásgrímur Örn 7. bekk

Brons: Haukur 5. Bekk

Eftir keppnina fóru allir nemendur skólans í laugina og nokkrir kennarar fengu að fjúka með í fótunum ☺

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Nýsköpun hefur verið kennd í Þjórsárskóla í mörg ár og hefur verið í umsjón smíða-kennara. Markmið hennar er að krakkarnir móti og þrói eigin hugmyndir um nýja eða endurbætta hluti sem hægt er að nýta í leik og starfi. Kennari í vetur var Lilja Loftsdóttir. Árlega er efnt til nýsköpunarkeppni grunnskóla á landinu. Krakkarnir senda inn hugmyndir í keppnina skriflega eða í tölvutæku formi í byrjun apríl.

Þetta árið voru sendar inn 2000 hugmyndir frá 3000 grunnskólanemendum. Úr voru valdar 34 hugmyndir sem 54 krakkar stóðu á bak við. Þeim var boðið að koma í vinnubúðir og halda áfram með hugmyndirnar sínar með aðstoð fagfólks.

Frá Þjórsárskóla sendu 9 krakkar inn nokkrar hugmyndir. Fjögur þeirra komust áfram með tvær hugmyndir og önnur hugmyndin vann til verðlauna.



Mynd nr. 1

Keppnin er mikill skóli fyrir krakkana, þau fá mikinn undirbúning og í lokin halda þau kynningu á sínu verkefni. Við hvetjum alla til þess að fara inn á vef nýsköpunarkeppninnar: nkg.is.

Mynd 1.

Hugmyndasmiðir Ásgrímur Örn og Kolbeinn 7. bekk

Mynd 2. Hugmyndasmiðir Freyja Margrét og Edda Guðrún 7. bekk.

Þessi hugmynd fékk bronsverðlaun í keppninni.

Gissur á Botnum – Heildstætt verkefni nemenda í 1.-2.bekk

Unnið var þvert á allar námsgreinar í apríl og maí með verkefni tengdu þjóðsögunni **Gissur á Botnum**. Nemendur unnu með þjóðsögu sem tengdist heimabyggð þeirra en það er eitt af markmiðum samfélagsfræðinnar. Unnið var með ritun, samnöfn og sérnöfn, málningarvinnu, landakort, teikningu og dúkkulísugerð, hugarkort og lesskilning. Skapandi hugsun spilaði stórt hlutverk og fékk hver nemandi tækifæri til að njóta sín á ýmsum sviðum námsgreinanna.

Skógarferð 21. maí


Farið var í skóginn en veðrið var ekki alveg eftir pöntun þar sem við fengum snjókomu og sudda. Skólahóp leikskólans var boðið með okkur í ferðina og vann hann verkefni, fór í söng og hreyfileiki o.fl. með nemendum í 1.-4. bekk. Eldri nemendur voru að tálga, leika fornleifafræðinga og vinna að tilraun með lífræna og ólíf-ræna hluti á stöðvum. Gott var síðan að fara í skýlið og fá heitt kakó og samlokur.

Sumarlestur

Eins og undanfarin ár ætlum við í Þjórarskóla að vera með sumarlestur. Allir nemendur fá með sér heim sumarlestrarhefti þar sem þeir skrá hjá sér það sem þeir lesa upphátt í sumar. Þeir sem standa sig vel fá verðlaun og viðurkenningarskjöl í haust. Frábært lestrarátak sem hefur skilað sér beint í lestrarþróun nemenda.

Íþróttadagur og vordagur

Þennan dag var skipt í hópa. Farið var í óhefðbundna boðsundsleiki í sundlauginni og á íþróttavellinum. Eftir hádegi var skólalóðin tekin í gegn, borinn var áburður á tré, gróðursett, tínt rusl og sópað.



Mynd nr. 2





Íþrótt og Vordagur 2015

Eitt af vorverkum okkar er að setja niður kartöflur og gera lóðina okkar fina. Skólinn fékk að gjöf finar birkiplöntur. Annars vegar frá Bergi Björnssyni og hins vegar frá Yrkjusjóði og sáust nemendur á við og dreif á skólalóðinni, einbeittir við gróðursetningu.

Heimsókn 7. bekkjar í Flúðaskóla

Fimmtudaginn 27. maí fóru nemendur í 7. bekk í heimsókn til verðandi bekkjarfélaga á Flúðum. Þeir tóku þátt í útinámi og borðuðu hádegismat. Heimsóknin var mjög vel heppnuð og er liður í samstarfi á milli skóla-anna.

Norræna skógarhlaupið og Sandá

Á hverju ári fer fram norrænt skólahlaup.

Síðustu ár höfum við hlaupið í skóginum.

Nemendur hlaupa mislangar vegalengdir eftir

aldri. Daginn enduðum við á því að grilla saman og þeir sem vildu fengu að vaða. Þótt frekar kalt hafi verið í veðri þá fannst öllum gaman að dýfa tánum í ána.





Vorferð 1.-4. bekkur

Við fórum í Hrunamannahrepp, heimsóttum Braggann, Hruna, Límtré og Silfurtún. Einnig kíktum við á Álfaskeið og Hrunaréttir. Við fengum alls staðar góðar móttökur og börnin voru áhugasöm, spurðu mikið og voru mjög ánægð með ferðina.



Vorferð 5.-7. bekkur

Við fórum í velheppnaða ferð að skoða Byggðasafnið á Skógum. Nemendur voru áhugasamir og fróðleiksfúsir. Sólin skein og allir nutu sín í veðurbliðunni. Á heimleiðinni fengum við hamburgara á Hvolsvelli.



Skólaslit

Þjósárskóla var slitið við hátíðlega dagskrá þriðjudaginn 2.

júní. Sýning var á verkefnum nemenda, þá söng nokkur lög, kennarar afhentu vitnisburði og Bolette hélt ræðu. Fram fór afhending sundbikars fyrir bestan árangur í sundkeppni skólans.

Þá voru hátternisverðlaun veitt.

Hátternisverðlaun eru veitt árlega til tveggja nemenda sem starfsfólk skólans telur vera til fyrirmyndar í samskiptum og félagsfærni.

Þetta árið fengu þær Sóldís Dúna í 3. bekk og Freyja Margrét í 7. bekk þessa viðurkenningu.



Skólasetning er föstudaginn 21. ágúst og er það ósk okkar starfsfólks Þjósárskóla að þið njótið sumarsins.

Kveðjur úr skólanum
Kristín og Bolette.



Á bak við eldavélina

Himneskir kjúklingaleggir með rjómasósu.

Uppskrift fyrir 4:

- 1 kíló kjúklingaleggir
- 25 gr smjör
- ½ dl ólífufolía
- 3 msk sojasósa
- salt og pipar
- Knorr kjöt & grill krydd (eða annað gott krydd, t.d. Töfrakrydd frá Pottagöldrum)
- ½ dl vatn
- 100 gr rjómaostur (jafnvel enn betra að nota Philadelphia með hvítlauk og kryddjurtum)
- 3 dl rjómi

Ofninn stilltur á 200 gráður. Kjúklingaleggjunum er raðað í stórt eldfast mót eða í ofnskúffu, fer eftir fjölda leggja. Smjórið brætt og sojasósunni ásamt ólífufolíunni bætt út í. Blöndunni síðan hellt yfir kjúklingaleggina og þeim velt vel upp úr henni. Leggirnir eru því næst kryddaðir á alla kanta mjög vel með kjöt & grill kryddinu ásamt salti og pipar. Settir inn í 200 gráðu heitan ofn í 30-40 mínútur eða þar til leggirnir eru eldaðir í gegn. Kjúklingaleggirnir eru því næst lagðir á fat og vatni pískað út í sósuna í eldfasta mótinu, henni er síðan hellt yfir í pott. Rjómaosti er svo bætt út í og sósan látin malla þar til hann er bráðnaður. Þá er rjómanum bætt út í og sósan bragðbætt með salti og pipar ef þarf. Sósan látin malla í nokkrar mínútur og þykkt af vild með sósu-jafnara. Kjúklingaleggirnir eru bornir fram með sósunni, hrísgrjónum og salati.



Súkkulaði – tvenna með hindberjum

Uppskrift (fyrir 4-6 glös)

- 250 gr hreint mjólkursúkkulaði
- 100 gr suðusúkkulaði
- 1/4 dl mjólk
- 1 peli rjómi
- 150 gr frosin hindber, afþýdd
- 200 gr fersk hindber (ég notaði frosin sem ég afþýddi)
- 1-2 msk sitrónusafi
- 2 msk flórsykur eða eftir smekk
- 8-10 fingurkökur (Lady fingers—fæst í Bónus)
- 3 msk vatn
- 1 msk Creme de Cassis-likjör eða 1 msk Ribena-safi (líka gott með Sherryi....)



Framhald á bls. 24

Landnámshelgin í Árnosi 19. - 21. júní 2015



Frítt í sund í Brautarholti og Árnosi

Víkingaplattar með íslenskum mat á tilboði í veitingasal Þjósárstofu í Árnosi. Rúnaletursþraut í Þjósárstofu (skilafrestur er til kl. 17:00, 20. júní)

Föstudagur, 19. júní

Kl. 21:00 Trúbador-stemning á sundlaugarbakkanum hjá Neslaug. Hildir Hans halda uppi fjörinu. Hægt að sitja og njóta í sundi eða í brekkunni. Síðan mun mannskapurinn færa sig inn í Árnosi þar sem farið verður í einstaklega skemmtilegan spurningaleik.

Laugardagur, 20. júní

Kl. 11:00 Kvennahlaupið, hlaupið frá Árnosi

Kl. 13:00 í Árnosi. Vala Björg Garðarsdóttir, fornleifafræðingur flytur erindi um landnám í uppsveitum Árnessýslu
í framhaldinu:

Ragnheiður Gló Gylfadóttir flytur stutt erindi um áhugaverða minjastaði sem víða er að finna

Kl. 13:00-17:00

Hoppukastalar og leikir á íþróttavellinum í Árnosi

Kompusala Kvenfélagsins í Þjósárskóla, sala á kaffi og vöfflum.

Víkingar í veitingagarði, Einherji og Eldsmiðirnir

Kl. 14:00-16:30 Tónlistarsmiðjur fyrir börn á vegum Þórdísar Heiðu Kristjánsdóttur í félagsheimilinu. Hrynleikir, söngur og hljóðfæraspil fyrir alla hressa krakka, jafnt lærða sem ólærða.

14:00-14:20 Söngur og hreyfing fyrir 2-5 ára.

Foreldrar taka þátt í stundinni.

14:30-15:15 Leikið á smáhljóðfæri, sungið og dansað.

Hentar krökkum 6-9 ára, en eldri systkin velkomin með.

15:30-16:30 Hljóðfæri, klapp-stapp og söngur fyrir 10-12 ára.

Eldri systkin velkomin með.

Kl. 21:00 Jón Bjarnason og Selfossbræður syngja og tralla á sundlaugarbakkanum hjá Neslaug.

Einnig verða veitt umhverfisverðlaun, úrslit í rúnaletursþraut kunngerð og haldin verður keppni í besta víkingaöskrinu.

Sunnudagur, 21. júní

Kl. 10:30 Helgistund í Steinsholtskirkjugarði.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson leiðir stundina

Kl. 11:00-12:00 Leikhópurinn Lotta í Árnesi,
aðgangur ókeypis

Kl. 14:00-16:00 Brokk og skokk í Skaftholtsréttum.

Pizzavagninn mætir á staðinn

Góða skemmtun ☺

Menningar- og æskulýðsnefnd, Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

OPNUNARTÍMI

OPIÐ 10 -17 virka daga ☺ 11- 13 laugardaga.



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju.

Starfsfólk Flúðaleiðar

Saxið allt súkkulaðið og setjið í skál. Hitið mjólkina og 3 msk af rjómanum við meðalhita og hellið yfir súkkulaðið. Hrærið þar til súkkulaðið er alveg bráðnað. Ef súkkulaðið bráðnar ekki alveg má setja það yfir vatnsbað í augnablik. Látið súkkulaðið kólna svolítið og þeytið restina af rjómanum á meðan. Bætið þeytta rjómanum varlega saman við súkkulaðið og kælið í ísskáp. Setjið nú frosnu hindberin (afþýdd) í matvinnsluvél ásamt sítrónusafa og flórsykri og maukið vel. Sigið hratið frá maukinu og setjið 4-5 msk af hindberjasósunni í djúpan disk ásamt vatninu og líkjörnum. Dýfið fingerkökunum (brjótið þær ef það þarf til að þær passi í glösin) ofan í vökvann og þekið botninn á glösunum með þeim. Setjið nokkur hindber ofan á kökurnar og hellið svo súkkulaðiþöndunni yfir. Gott getur verið að setja súkkulaðið í einnota sprautupoka og sprauta ofan í glösin. Setjið afganginn af hindberjunum ofan á súkkulaðimúsina. Látið plastfilmu yfir glösin og geymið í ísskáp í minnst tvær klukkustundir. Setjið afganginn af hindberjasósunni ofan á hindberin áður en glösin eru borin fram með ís eða þeyttum rjóma! Verði ykkur að góðu. En nú er Unnur Lís Schram í Vorsabæ 1 kölluð fram á sjónarsviðið og skorað á í næsta Fréttabréf. Hef trú á henni við eldavélina. Mbkv Kidda



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási S. 480-1180 Fax: 480-1181

www.laugaras.is Félagsmálastjóri: [María Kristjánsdóttir](#).

Félagsráðgjafi með aðsetur í Laugarási [Sigurjón Árnason](#). 884-1180

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.



**Tímamantanir í
síma: 856-1599**

Fylgist með á
www.upplit.is





Nokkrir fréttamolar frá því í maí úr Leikholti

Dagana 11. og 12. maí fóru börnin í Leikholti í lambaferðir. Stórholtsbörnin gengu fram að Hlemmskeiði. 11. maí fengu þau að skoða alls konar dýr og svo voru grillaðar pylsur í hádeginu. Kisuhópur og

Úlfahópur gengu síðan aftur í leikskólann en Sniglahópur fékk far með Bjarna á skólabílum. Mjög skemmtilegur dagur.

Smáholtbörnin fóru síðan labbandi 12. maí og fengu að skoða lömb og kindur á Húsatóftum. Þar bauð Elín upp á smá veitingar sem voru vel þegnar.



Vorhátíðin okkar var haldin með pompi og prakt þann 28. maí í

samstarfi við foreldrafélagið en það sá um að skipuleggja hátíðina og bauð upp á ýmsar uppákomur e.o. fjársjóðsleit, þrautabraut, hoppukastala og Elín á Húsatóftum kom með hesta og teymt var undir börnum.

Úlfahópurinn, elsti ágangur leikskólans var útskrifaður formlega við þetta tækifæri

Þann 1. júní tók við nýr leikskólastjóri, hún Elín Anna Lárusdóttir og bjóðum við hana hjartanlega velkomna til starfa.



Kveðjur frá öllum í Leikholti

15. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 03. júní 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einars Bjarnasonar, Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríðar Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir að einu máli yrði bætt á dagskrá. Samstarf við lögreglu um átak gegn heimilisofbeldi.

Dagskrá:

Mál til umræðu og umfjöllunar

1. Útboðsgögn, akstur.

Lögð fram að nýju útboðsgögn vegna skólaaksturs. Um er að ræða akstur skóla barna á leiðinni Þjórskárskóli/Laxárdalur. Auk þess akstur matar frá mötuneyti í Árnesi að Leikskólanum Leikholti og strætóakstur frá Árnesi að Sandlækjarholti. Útboðsgögn unnin af Guðjóni Sigfússyni verkfræðingi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útboðsgögnin og felur sveitarstjóra að auglýsa útboðið.

2. Fjárhagsáætlun viðaukar. Sveitarstjóri lagði fram viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015. Áætlun niðurstaða A og B hluta sveitarstjóðs er áætluð jákvæð um 24.129 þkr eftir viðauka. Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason og Meike Witt samþykktu viðauka við fjárhagsáætlun. Gunnar Örn Marteinnsson sat hjá. Halla Sigríður Bjarnadóttir samþykkti viðaukana með tilmælum um að vinna við endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins verði hafin áður en sumarleyfi hefjast.

3. Framlenging yfirdráttarláns. Sveitarstjóri lagði fram beiðni um heimild til að framlengja yfirdrátti á veltureikningi sveitarfélagsins. Fjárhæð allt að 40 mkr til ágúst 2015. Samþykkt samhljóða.

4. Rekstrarleyfi. B Guðjónsdóttir ehf. Lögð var fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi undirrituð af Agli Benediktssyni með beiðni um umsögn um rekstrar leyfi gistihúss að Álfröð eigandi B. Guðjónsdóttir ehf kt. 710101-2640. Með vísan til laga 85/2007 um gististaði. Með beiðninni var lagt fram afrit af teikningu umrædds gistihúss. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt rekstrarleyfi verði veitt.

5. Íþróttasamstarf. Drög að samningi milli SKGN og Hrunamannahrepps.

Oddviti lagði fram drög að Samstarfssamningi vegna íþrótt- og æskulýðsstarfs milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Tilgangur með slíku samstarfi verði að efla íþrótt- og æskulýðsstarf og tryggja að börn sem búsett eru í sveitarfélögum hafi góðan aðgang að íþrótt- og æskulýðsmannvirkjum þeirra. Stefnt verði að því að skipaður verði samstarfshópur um verkefnið. Allnokkrar umræður urðu um málið. Samþykkt var á grundvelli umræðna að vinna áfram að íþrótt- og félagssamstarfi milli umræddra hreppa.

6. Skipun fulltrúa í Velferðar- og jafnréttisnefnd. Oddviti lagði fram tillögu um Odd Guðna Bjarnason og Bergljótu Þorsteinsdóttur sem aðalmenn. Til vara Jóhannes Eggertsson og Anna Þórný Sigfúsdóttir. Gunnar Marteinsson og Halla Bjarnadóttir lögðu fram tillögu um Kristjönu H Gestsdóttur og Kjartan Ágústsson til vara. Tilnefningar samþykktar samhljóða. Jafnframt var samþykkt samhljóða að Kristjana H. Gestsdóttir verði formaður nefndarinnar og Oddur Guðni Bjarnason verði varaformaður.

Fundargerðir:

7. Fundargerð 89. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr 9,10,11 og 12 þarfnast um fjöllumar. Mál nr 14 og 29 eru til kynningar.

Mál 9.

Sigöldulína 3 : Framkvæmdaleyfi – 1505016 Umsókn Landsnets dags. 6. maí 2015 um framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun mastra í Sigöldulínu 3. Sveitarstjórn samþykkir að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við framlagða umsókn.

Mál 10.

Búrfellsvirkjun: Stöðvarhús í Sámstaðaklifi: Deiliskipulag – 1502079.

Lýsing deiliskipulagstillögu lögð fram er nær til núverandi Búrfellsvirkjunar og fyrirhugaðrar stækkunar virkjunarinnar. Um er að ræða 1.500 ha landsvæði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela Skipulagsfulltrúa að kynna umrædda lýsingu skv. 3. Mgr. 40. Gr. skipulags laga og leita umsagnar viðeigandi umsagnaraðila sem tilgreindir eru í lýsingunni.

Mál 11.

Tjarnarver 166707. Umsókn um byggingaleyfi. Fjallaskáli – 1504059.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulags fulltrúa að leita samþykkis Forsætisráðuneytis. Þar sem um þjóðlendu er að ræða.

Mál 12.

Hlemmiskeið 5. 166468. Stækkun lóðar Hlemmiskeið lóð 6 191254 – 1505033.

Umsókn Benedikts H. Ingvarssonar þar sem óskað er eftir að ofangreind lóð verði stækkuð í 1,1 ha. Stækkun úr landi Hlemmiskeiðs 5 166468. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti stækkun lóðarinnar.

8. Fundargerð 90. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.

Mál 22 til kynningar.

Mál 1.

Bugðugerði 3a og 3b : Árnes Deiliskipulagsbreyting 1503068.

Tillagan lögð fram að lokinni grenndarkynningu. Í tillögunni er gert ráð fyrir þar húsalóð, Bugðugerði 3a og 3b. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við af greiðslu nefndarinnar og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna skv 2. Mgr. 43. Gr skipulags laga óbreytta, en að möguleiki á byggingu bílskúra á öðrum lóðum við götuna verði skoðaðar í tengslum við endurskoðun deiliskipulagsins í heild.

Mál 2.

Vorsabær 1 166501 : Vorsabær 1 land 3 og Vorsabær 1 lóð lnr. 192936 : Stofnun lóðar og sameining – 1505058. Umsókn um stofnun 20,98 ha lóðar úr landi Vorsabæjar 1. (lnr. 166501) Eftir stofnun er gert ráð fyrir að lóðin verði sameinuð lóðinni Vorsabær 1 lóð (lnr. 192936) verður lóðin 25 ha að sameiningu lokinni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti stofnun lóðarinnar og sameiningu hennar við lóðina Vorsabær 1 lóð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við landsskipti samkv. 13 gr. jarðarlaga og samþykkir þau með fyrirvara að stærð Vorsabæjar 1 verði lagfærð í fasteignaskrá í samræmi við þinglýst gögn.

9. Fundargerð sameiginlegrar Atvinnu – og samgöngunefndar og Menningar – og æsku lýðsnefndar nr.7. Fundargerð lögð fram og staðfest.

- 10 Fundargerð Menningar- og æskulýðsnefndar nr. 9. Fundargerð lögð fram og staðfest.

- 11.Fundargerð Menningar – og æskulýðsnefndar nr. 10.

Fundargerð lögð fram og staðfest.

- 12.Fundargerð vorfundar þjónustusvæðis um málefni fatlaðra 30 apríl.

Byggðasamlagið Bergrisinn. Fundargerð lögð fram og staðfest.

Þjónustusamningur. Byggðasamlagið Bergrisinn. Samlag er sveitarfélög í Árnes-Rangárvalla- og Vestur- Skaftfellssýslu, er fjallar um málefni fatlaðs fólks.

Samningur lagður fram og staðfestur. Samningur milli Byggðasamlagsins Bergrisans og Árborgar um sameiginleg verkefni á sviði þjónustu við fatlað fólk. Samningurinn er í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og samkomulag frá 23. nóvember 2010 á milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustunnar til sveitarfélaganna. Stofnun byggðasamlagsins Bergrisans bs byggir á 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samningur lagður fram og staðfestur.

13. Fundargerð NOS. Frá 30.04.2015. Fundargerð lögð fram og staðfest.

Umsagnir:

14. Umsögn um Landsskipulagsstefnu. Umsögn lög frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga undirrituð af Karli Björnssyni framkvæmdastjóra lögð fram og kynnt. Umsögn lögð fram og kynnt.

Samningar:

15. Samningar um refaveiðar. Sveitarstjóri lagði fram drög að samningi um refaveiðar við Berg Björnsson og Skúla Helgason. Samningur verði unnin í samstarfi við Flóahrepp. Nokkrar umræður urðu um samninginn og komu fram nokkrar ábendingar um lagfæringar. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi og undirrita fyrir hönd sveitarfélagsins.

16. Samningur við Landsvirkjun og Skógræktarfélag Íslands um land við Bjarnarlón. Undirritaður samningur lagður fram og staðfestur.

Beiðnir um stuðning:

17. Sumarlestur í Þjórskóla. Beiðni um stuðning. Lögð var fram beiðni undirrituð af Kristínu Gísladóttur kennara um styrk til verkefnisins „Sumarlestrar 2015.“ Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

18. Yfirlýsing um samstarf um átak gegn heimilisofbeldi. Lagt var fram bréf frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi með samstarfsyfirlýsingu milli sveitarfélaga á Suðurlandi og Lögreglunnar um að beita sér gegn sameiginlega gegn heimilisofbeldi. Samþykkt samhljóða að taka þátt í samstarfinu.

19. Önnur mál.

I) Sveitarstjóri lagði fram tillögu um Hildi Lilju Guðmundsdóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins í 17. júní nefnd. Tillaga samþykkt samhljóða.

II) Beiðni frá Framkvæmdastjóra SASS um tilnefninu tveggja fulltrúa frá hverju bæjar- og sveitarfélagi á Suðurlandi til þátttöku á fundum um svæðis skipulag og mögulegt hlutverk þess við byggðaþróun. Samþykkt samhljóða að velja Björgvin Skafta Bjarnason og Gunnar Örn Marteinnsson.

III) Meike Witt vakti máls á búsetumálum fatlaðra. Benti hún á að úrbóta væri þörf í þeim efnum. Samþykkt að vísa málinu til Velferðar – og jafnréttisnefndar.

IV) Gunnar Örn Marteinsson kvaddi sér hljóðs og rifjaði upp eldra erindi um að gengi að Gljúfurleitarsvæði. Óskaði eftir að skipaður yrði starfshópur um bætt að gengi að Gljúfurleitarsvæði á Gnúpverjaafrétti. Samþykkt samhljóða að skipa Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson og Sigþrúði Jónsdóttur í starfshópinn. Hópnum falið að skila skýrslu um málið fyrir 1. desember næstkomandi.

Mál til kynningar:

- A. Heilbrigðisnefnd Suðurlands. 164. fundur. 30.04.2015.
- B. Athugasemd vegna breytinga á uppbyggingu tónlistarnáms.
- C. Hlutverk skólastjórnenda.
- D. Kynningar- og hugarflugsfundur v. Sunnlenska skóladagsins 2016.
- E. Reiðhöllin á Flúðum ársreikningur 2014.
- F. Samtök sjálfstæðra skóla. Kynning.
- G. Styrkir til verkefna. Atvinnuvegaráðuneyti.
- H. Afgreiðslur byggingafulltrúa 29.9.15.
- I. Afgreiðslur byggingafulltrúa 20.05.15.
- J. Frumvarp 478 mál. Skiplagsmál Reyk. flugvelli.
- K. Þingskjal 478 undirb. Þjóðhagsáætlana.
- L. Samantekt hópumræðna. Skipulagsráðstefna.
- M. Fundur samstarfsnefndar Lögreglustjóra.
- N. Heimilisofbeldi –samtarfsyfirlýsing – Frá lögreglustjóra.
- O. 491. Fundur stjórnar SASS.
- P. 492. Fundur stjórnar SASS.
- Q. 493. Fundur stjórnar SASS.
- R. 494. Fundur stjórnar SASS.
- S. Greinargerð um nám á framhaldsstigi í tónlist.
- T. Skipulagsstofnun. Ákvæði um mat á umhverfisáhrifum.
- U. Lok verkefnis um framlög til verkefnis um sölu félagslegra íbúða.
- V. Bergisinn staðfesting samþykktu.
- W. Vindlundir viðhorfskönnun.

Fundi slitið kl : 17: 32

Næsti fundur ákveðinn 5. ágúst n.k. kl 14:00



Menn og Málefni!



Birgir Stefánsson, Ásaskóla útskrifaðist sem stúdent af félagsfræðabraut frá Menntaskólanum að Laugarvatni 30. maí.

Dórótea Høeg Sigurðardóttir á Hæli og eiginmaður hennar Jón Emil Guðmundsson luku doktorsprófi 2. júní s.l. við Princeton Háskólann í Bandaríkjunum. Dórótea varði sína doktorsritgerð í byggingaverkfræði og Jón Emil varði sína ritgerð í stjarnæðlisfræði. Þau hjón flytja til Svíþjóðar og munu búa þar um sinn.

Sigprúður Jónsdóttir í Eystra-Geldingaholti hlaut nýlega gullmerki Ferðafélags Íslands fyrir framúrskarandi störf í þágu náttúru og náttúruverndar.



Við óskum þeim Birgi, Dóróteu og Jóni Emil innilega til hamingju með áfangana og Sigprúði með viðurkenninguna.

Þeir sem útskrifast eftir að Fréttabréfið kemur út nú í júní, sendið mér upplýsinarnar. Við birtum þær í næsta Fréttabréfi sem kemur út í ágúst. Khg.

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu. **Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.**



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er

Munum eftir því ☺

802



Smárafréttir

JÚNÍ 2015



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND **HÆ KRAKKAR !!**

Okkur langar að segja frá frábærri ferð sem við fórum í um síðustu helgi. Þá fóru 20 hressir krakkar frá Hestamannafélögum Smára og Loga í Hestheima. Að þessu sinni gistum við í tvær nætur og fengum Guðmann Unnsteinsson til að sjá um reiðkennslu. Æskulýðsnefnd Smára langar að þakka honum innilega fyrir frábæran stuðning. Honum og krökkunum fannst svo gaman að við þurftum ítrekað að minna á að tíminn væri búinn! Ómetanlegur stuðningur, kærar þakkir Manni!!!!

Freydís Örlygsdóttir frá Loga sá með mikilli snilld um bóklega kennslu og það var gaman að sjá hve fjölbreytt bóklega efnið var. Unnur Lís Schram og Meike Witt sáu um útreiðartúra og skipulagið þar á milli. Nokkrir foreldrar og nefndarmenn hjálpuðu aukalega yfir daginn. Á sunnudaginn fengu foreldrar að horfa á tvær sýningar (yngri og eldri hópur) sem krakkarnir hönnuðu og skipulögðu sjálf frá grunni. Erfitt að segja hver var stoltari - foreldrar eða nefndarmenn sem fylgdu börnunum um helgina. Þó að svalt hafi verið um helgina féll ekki regndropi úr lofti og gátum við farið í samtals þrjá góða útreiðartúra. Leu og Marteini í Hestheimum sé þökk fyrir góðar og hlýjar móttökur.

Nú er næst á dagsskrá **Brokk og Skokk** keppnin okkar sem verður haldin sunnudaginn **21. júní** í Skaftholtsréttum. Hvetjum við alla að taka þátt eða horfa á. Sú keppni hentar öllu hressu fólki á öllu aldri og er frábær fjölskylduskemmtun. Og fyrir þá sem langar að leggja virkilega á sig má benda að skrá sig í Íþróttahringinn! Fleiri upplýsingar og myndir af keppninni er hægt að finna á Facebooksíðu Brokk og Skokk!

Við þökkum kærlega fyrir allan stuðning á liðnum námskeiðum og ferðum og hvetjum alla að fylgjast með tilkynningum á Facebooksíðu Smárakrakkar!

Bestu kveðjur, Æskulýðsnefnd Smára



Nokkrar myndir frá Hestheimaferð, fleiri myndir má finna á facebook síðu Smára og Smáarakrakka !



OPIÐ GÆÐINGAMÓT OG TÖLT SMÁRA VERÐUR HALDIÐ Á FLÚÐUM HELGINA 25.-26. JÚLÍ. Endilega takið helgina frá... Nánar auglýst síðar, fylgist vel með á facebook síðu Smára og www.smari.is

HOLLVINIR REIÐHALLARINNAR Á FLÚÐUM hafa undanfarin misseri tekið höndum saman og séð um að halda húsinu hreinu, skipt með sér verkum ásamt því að sjá um sölu veitinga í fjáröflunarskyni á hinum ýmsu viðburðum í reiðhöllinni. Frábært framtak hjá frábæru fólki. Nú óska Hollvinir eftir liðsauka svo hægt sé að dreifa álagi og hjálpast að við að halda húsinu í góðu standi, þetta er jú sameign okkar allra. Þeir sem gætu séð af nokkrum klukkustundum í að aðstoða við margvísleg verkefni yrði vel tekið af Hollvinum. Margar hendur vinna létt verk, endilega hafið samband við Hollvini, stjórn Smára eða stjórn reiðhallarinnar og leggið ykkar af mörkum .



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Afréttakort, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hruna-
manna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-**

Þjósárdalsmyndin er einnig til eftir Ara Trausta og Valdimar
Leifsson. Kr. 1.500,- Til sölu á skrifstofunni í Árnesi.

Sumaropnunin tekur gildi 11. júní

LAUGARVATN
fontana
Hellsulind frá landnámi

11. júní - 23. ágúst 2015 - Opið daglega frá kl.10:00 - 23:00

24. ágúst 2015 vetraropnun - Opið daglega frá kl. 11:00 - 21:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is>



Sáðvörulistinn 2015

Yrki	kg/ ha	kg/ sekk	Verð pr/kg án vsk.
Vallarfoxgras			
Vega	25-30	25	738
Grindstad	25-30	25	890
Tuukka	25-30	25	625
Vallarsveifgras			
Sobra	25-30	25	695
Vingull			
Túnvingull Gondolin	25-30	25	580
Hávingull Baraika	25-30	25	998
Grasfræblöndur			
Stólpablanda I Fyrir kýr*	25-30	25	741
Stólpablanda II Fyrir fé og beit**	25-30	25	753
Stólpablanda III Hávingulsblanda***	25-30	25	625
Fjölært rýgresi			
Calibra	25-30	25	495
Sumarrygresi			
Barspectra	25-30	25	420
Bartigra	25-30	25	415
Jivet	25-30	25	420
Vetrarrygresi			
Barmultra	25-30	25	382
Sumarrepja / Vetrarrepja / Fóðurnæpa			
Sumarrepja Pluto	10-18	10	1.050
Vetrarrepja Barcoli	8-10	25	479
Vetrarrepja Akela	8-10	25	415
Fóðurnæpa Samson	1,5	1	930
Grænfóðurhafnar			
Domenic	180-200	50	135
Grey	180-200	400	135
Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári			
Ertur Javio	200-225	500	160
Hestabaunir Colombo <i>NÝJUNG</i>	180-200	25	190
Hvítsmári Rivandel	5-6	10	1.250
Rauðsmári Suez	5-6	10	1.645
Bygg 6 raða			
Voitto 6 raða	180-200	700/30	129
Aukusti 6 raða	180-200	700/30	129
Filippa 2ja raða	180-200	700	134
Tamtam 2ja raða	180-200	50	119
Vorhveiti			
Vorhveiti Amaretto	180-200	500	138

NÝJUNG HESTABAUNIR



Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldar mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgerðar. Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænfóðri um nokkurt skeið með góðum árangri. Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsæði siðastliðin ár og uppskorið sterkju- og próteinríkt fóður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti íslenskum aðstæðum.

Vallarfoxgras Tuukka - Vega

Við viljum vekja athygli á vallarfoxgras yrkinu Tuukka sem við höfum verið með á sáðvörulista hjá okkur síðan 2011. En Tuukka ásamt Vegu hefur verið okkar aðalyrki í vallarfoxgrasi í nokkur ár enda bæði komið einstaklega vel út, bæði hvað varðar vetrarþol, uppskeru og lystugleika.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Sumaropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi til og með 23. ágúst



Neslaug S: 486-6117

Mánudaga: 14 — 21

Þriðjudaga: Lokað

Miðvikudaga: 14 — 21

Fimmtudaga: 14 — 21

Föstudaga: 14 — 18

Laugardaga: 10 — 18

Sunnudaga: 10 — 18

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu



Skeiðalaug S: 486 5500

Mánudaga: Lokað

Þriðjudaga: 14 — 21

Miðvikudaga: 14 — 21

Fimmtudaga: 14 — 21

Föstudaga: 14 — 18

Laugardaga: 10 — 18

Sunnudaga: 10 — 18

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.



Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.
Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Verðskrá frá 1. maí 2015

Fullorðnir	14 - 69 ára	kr. 600,-
Börn	6 - 13 ára	kr. 300,-
Fullorðnir	10 miða kort	kr. 3.000,-
Börn	10 miða kort	kr. 1.500,-
Sundföt	leiga	kr. 500,-
Handklæði	leiga	kr. 500,-

Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.

Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Umsjónarmaður
Eypór Brynjólfsson

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺